Reykjavík, 27. nóvember 2020
ÍLS/

Efni: Athugasemdir vegna áforma um ný lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana

Vísað er til tilkynningar sem birt var í samráðsgátt stjórnarráðsins, dags. 11. nóvember sl., vegna áforma um ný lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana, sbr. mál. 243/2020. Frestur til að skila athugasemdum rann út 25. nóvember 2020 en Orkuveitu Reykjavíkur (OR) var veittur viðbótarfrestur til að skila inn eftirfarandi ábendingum fyrir hönd fyrirtækisins og dótturfélaga hennar vegna þeirra vinnu sem nú fer í hönd vegna vinnu við mótun frumvarps um framangreint.

Heilt yfir hefur OR verið ánægð með lög um mat á umhverfisáhrifum (MÁU) þó það hafi lengi verið afstaða hennar að einfalda megi ferlið með það að markmiði að gera það skilvirkara. Þá hefur OR reglulega bent á það að einfalda megi ferlið og samþætta ferla skv. lögum um MÁU annars vegar og öðrum lögum sem leiða af sér umhverfismat.[1] Þannig verði stjórnsýsla einfölduð, skilvirkni efld, staðið við tímafresti og dregið úr tvíverknaði, m.a. fyrir framkvæmdaraðila og ekki síður fyrir stjórnvöld. Í því ljósi fagnar OR endurskoðun laga á þessu sviði.

OR bendir á mikilvægi þess að lögin endurspegli þær nýju áskorandi sem umhverfi, náttúra og samfélag standa frammi vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Enn fremur þarf að leggja áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, þar á meðal heitra og kaldra vatnslinda, fyrirbyggjandi aðgerðir og aðlögunarhæfni samfélaga vegna loftslags- og náttúruvár. Það er í samræmi við nýjar áherslur stjórnvalda í loftslags – og orkumálum fyrir Ísland. Áhrif loftslagsbreytinga og aðrar hnattrænar áskoranir munu kalla á aukna þekkingu og færni við mat á samfélagslegum áhrifum sem skort hefur við framkvæmd mats á umhverfisáhrifum. Því þarf að gera mati á samfélagslegum áhrifum hærra undir höfði en nú er.

OR telur að samræma þurfi kröfur og viðmið sem nú koma fram í viðauka I við lög um MÁU nr. 106/2000 við það sem við á í tilskipun 2011/92. Í því sambandi vill OR benda á ósamræmi í kröfum um stærðarviðmið leiðslna til flutnings á gasi og koltvíoxíði (CO_2) sbr. ákvæði 3.10 og 3.11 í viðauka I í lögum um MÁU sem samsvara ákvæðum 16 a og b í viðauka I í tilskipuninni. OR leggur til að hér á landi verði sömu viðmið látin gilda. Þá leggur OR til að frekar verði notast við hugtakið koltvíoxíð frekar en koltvísýring eins og

ONM-E-260-06

[1] Sjá t.d. umsögn OR, dags. 5. október 2018, vegna fyrirætlana stjórnvalda um heildarendurskoðun laga um Mat á umhverfisáhrifum sbr. mál s-107/2018 í samráðsgáttinni. Merkt fylgiskjal 1.

nú er gert í lögum um MÁU. Þessu til viðbótar bendir OR á erindi dótturfélags síns, Carbfix til starfshóps um smíði frumvarps um niðurdælingu.[2]

OR og Veitur eiga fulltrúa í vinnuhóp Samorku um regluverk framkvæmda og að öðru leyti en hér að framan greinir tekur OR undir ábendingar og athugasemdir Samorku, dags. 25. nóvember 2020, vegna fyrrgreindra áforma um lagasetningu á því sviði sem hér um ræðir.[3]

OR þakkar fyrir tækifærið að fá að gera athugasemdir og fyrir veittan viðbótarfrest til að koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðuneytið. Verði eftir því óskað er OR reiðubúin að gera frekari grein fyrir athugasemdum sínum sem og svara öllum þeim spurningum sem upp kunna að vakna við rýni þeirra af hálfu ráðuneytisins og eða starfshópsins.

Virðingarfyllst,

Íris Lind Sæmundsdóttir
Lögmaður

Hólmfríður Sigurðardóttir
Umhverfisstjóri OR

Hólmfríður Bjarnadóttir
Skipulagsfulltrúi Veitna ohf.

ONM-E-260-06

[2] Sjá erindi, dags. 16. júní 2020, *Álitaefni um mat á umhverfisáhrifum m.t.t. Carbfix aðferðarinnar.* Merkt fylgiskjal 2.
[3] Sjá umsögn Samorku, dags. 25. nóvember 2020 í Samráðsgátt stjórnarráðsins.